

REGLUGERÐ UM FÉLAGASKIPTI OG KEPPNISRÉTT Í GLÍMU

- 1.1 Keppnistímabil í glímu stendur frá 1. sept. til 31. ágúst næsta ár.
- 1.2 Hverjum glímumanni er einungis heimilt að keppa fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili. Sbr. þó grein 2.3.
- 1.3 Heimilt er 2 héraðssamböndum að senda sameiginlegt lið í sveitaglímumót á vegum Glímusambands Íslands. Fyrirkomulagið gildir eitt keppnistímabil í senn og verða þá allar sveitir þessara liða að keppa undir sama nafni.

2. grein

- 2.1 Fyrir glímumenn undir 17 ára aldri gildir sú regla að fyrsta skráning þeirra undir nafni félags á keppnistímabilinu gildir út tímabilið án þess að til formlegra félagaskipta þurfi að koma.
- 2.2 Hafi glímumaður 17 ára og eldri einhverju sinni keppt fyrir ákveðið félag, getur hann ekki keppt fyrir annað félag nema lögleg félagaskipti fari fram.
- 2.3 Ef glímumaður undir 17 ára aldri kýs að skipta um félag á keppnistímabilinu er hann hlutgengur með nýja félaginu fjórum vikum eftir að hann hefur tilkynnt félagaskiptin til GLÍ. Á þessum fjórum vikum er hann óhlutgengur til glímukeppni.
- 2.4 Aðeins er hægt að skipta einu sinni um félag á hverju keppnistímabili.

3. grein

- 3.1 Glímumaður öðlast keppnisrétt með nýju félagi 4 vikum eftir að tilkynning um félagaskiptin hefur borist stjórn GLÍ.
- 3.2 Tilkynning um félagaskipti skal vera undirrituð af glímumanninum sjálfum og forsvarsmanni fyrra félags.
- 3.3 Það er á ábyrgð glímumannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram

4. grein

- 4.1 Erlendum ríkisborgurum má heimila keppni í glímu fyrir íslensk íþróttafélög á öðrum mótum en þeim sem veita íslenskan meistaratitil einstaklinga - svo sem Meistaramóti og Íslandsglímu.
- 4.2 Um félagaskipti þeirra og keppnisrétt gilda sömu reglur og fyrir íslenska ríkisborgara enda séu þeir búsettir hérlandis og GLÍ hafi upphaflega veitt þeim keppnisleyfi.
- 4.3 Í sveitaglímu má hver sveit aðeins hafa á að skipa einum erlendum ríkisborgara.

5. grein

- 5.1 Erlendum ríkisborgurum má heimila þátttöku fyrir erlent félag í þeim mótum er hvorki veita íslenskan lands- eða héraðsmeistaratitil.

6. grein

- 6.1 Komi upp ágreiningur um félagaskipti eða keppnisrétt skal Dómstóll ÍSÍ úrskurða í málinu.
Staðfest 3. október 1993 / Breytt 8. júlí 1997. / Breytt 18. maí 1998.
Breytt 4. nóv. 2001. / Breytt 1. des 2010.